

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð Reykjanesbæjar þann 9. júlí 2020 eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi:

Breyting á deiliskipulagi Dalshverfis II.

Lítills háttar tilfærsla á eystri mörkum skipulagssvæðisins sem er opið svæði. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við ofangreint ákvæði og öðlast þegar gildi.

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 18. ágúst 2020 eftirfarandi nýtt deiliskipulag:

Dalshverfi III.

Nýtt deiliskipulag sem felst í nýju íbúðarhverfi austast í bænum á svæði sem kallast í aðal- skipulagi IB 9A. Gert er ráð fyrir blandaðri byggð sérbýlis og fjölbýlis með um 300 íbúðum og samfélagsþjónustu s.s. nýjum leikskóla.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við ofangreint ákvæði og öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 6. nóvember 2020.

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. desember 2020